

HMS

STAÐFESTING

Á NOTHÆFI BYGGINGARVÖRU

Glófaxi ehf, Kt. 6611982659.

Tengiliður: Páll Árni Jónsson

Númer: 202112-0017

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur nr. 114/2014 staðfestir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eftirfarandi nothæfi byggingarvörunnar:

EI60 brunahólfandi hurðir

Viðbragð við bruna/brunamótstaða:

EI₂₆₀ / EI_{260-S_m} / EI_{260-CS_m}

Gildistími: 31.05.2022 eða þar til krafa um CE-merkingu tekur gildi.

Tæknilysing: Um er að ræða hliðarhengdar brunahólfandi EI60 stálhurðir og -karma, sem framleiddar eru af Glófaxa ehf. skv. framleiðslu-, uppsetningar- og frágangslýsingu framleiðanda, dags. 12.12.2018, ásamt tilheyrandi hurðarteikningum. Fyrir liggur Yfirlýsing um nothæfi, dags. 24.01.2019, útgefin og undirrituð af forsvarsmönnum Glófaxa ehf., varðandi framan- greinda brunaflokkun hurðanna og byggist hún m.a. á eldri viðurkenningu BR/MVS nr. 2009110054 vegna umræddra hurða.

- Uppbygging hurða og karma skal vera í samræmi við það sem lýst er í framangreindum gögnum, þ.m.t. allir þéttiborðar og fastir þröskuldar eða viðurkenndir fellipröskuldar eftir því sem við á.
- Stálhandfang, stállæsing/-skrá og a.m.k. þrjár stállamir skulu vera á hverri hurð, en fleiri ef hurð er hærri en 2500 mm.
- Allir íhlutir skulu vera CE vottaðir/merktir eftir því sem við á.
- Hurðir geta verið einfaldar eða tvískiptar. Stærð hurðarfleka b_{xh} skal ekki vera meiri en 1380x2800 mm.
- Þykkt hurðarfleka er a.m.k. 52,5 mm og er hann með stál-þverstyrkingum og fylltur með 50 mm steinullarplötum.
- Hurðarkarmurinn skal festur í vegg með a.m.k. fjórum stálskrúfum í báðum lóðréttum hlutum karmsins og fyrir tvískiptar hurðir eru einnig festingar að ofan fyrir miðri hvorri hurð.
- Ísetning hurða, festingar og þétting inn í karm og milli karms og veggja, skal gerð í samræmi við leiðbeiningar (uppsetningar- og frágangslýsingu) framleiðanda og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- Til að hurðin flokkist sem EI_{260-S_m} skal hurðin vera útbúin viðurkenndum reykþéttilistum og þanlistum.
- Til að hurðin flokkist sem EI_{260-CS_m} skal auk þess sett á hurðina CE vottaður hurðalokari/pumpa.
- Hver einstök hurð skal greinilega merkt í bakkanti hurðar við efstu lóm með nafni og heimilisfangi framleiðanda, með brunaeiginleikum/brunamótstöðu viðkomandi hurðar, og með nafni staðfestingaraðila og númeri staðfestingar á nothæfi. Miðinn skal þannig gerður að hann verði ekki fjarlægður af hurðinni.

Prófun: Framangreind byggingarvara er framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu, sbr. 11. gr. laga um byggingarvörur, og samkvæmt vottuðu gæðakerfi Glófaxa ehf.

Staðlar: Staðfesting þessi byggir á ákvæðum eftirfarandi staðla: ÍST EN 13501-2, ÍST EN 16034 og ÍST EN 1634.

Staðfesting þessi er gefin út á grundvelli 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur. Staðfestingin fellur úr gildi ef gerð er krafa um CE-merkingu vörunnar samkvæmt ákvæðum laga um byggingarvörur á gildistíma staðfestingarinnar. Tæknilysing, skilyrði og skilmálar.

Reykjavík, 1. desember 2021

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Dofri Þórðarson - HMS